

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	05.11.19
Málalýðili	0260
Mál nr.	1911108



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samband íslenskra sveitarfélaga -
lögfræði- og velferðarsvið
b.t. Guðjóns Bragasonar sviðsstjóra
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Reykjavík 30. október 2019

1909027SA KB
Málalýkill: 02.50

Efni: Fræðsla og upplýsingamiðlun um málefni fatlaðs fólks

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 25. október 2019 var lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 21. október 2019, um fræðslu og upplýsingamiðlun um málefni fatlaðs fólks (MFF).

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

„Stjórn sambandsins þakkar fyrir þessar ítarlegu upplýsingar um fræðslu og upplýsingamiðlun um málefni fatlaðs fólks á vegum sambandsins undanfarin ár. Jafnframt telur stjórn að fullt tilefni sé til að halda áfram þessu mikilvæga fræðslustarfi næstu ár, í samvinnu við þá aðila sem láta sér málaflokk fatlaðs fólks miklu varða. Einnig óskar stjórn eftir því að starfsmenn sambandsins útfæri hugmyndir að námskeiðum til að auka kostnaðarvitund starfsfólks í félagsþjónustu og bæta samræmingu, skráningu og eftirfylgni með lögum og reglum. Minnisblað þess efnis verði lagt fyrir á næsta stjórnarfund.“

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Afrit: Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar

